


Akstur og aðkoma við Grunnskóla Reyðarfjarðar



1. Hámarkshraði á Heiðarvegi er 30 km/klst og afar brýnt að hraðatakmörk verði virt og gangandi sem akandi vegfarendur gæti fyllstu varúðar.
2. Tvær gangbrautir liggja yfir Heiðarveginn við skólann. Við biðjum alla ökumenn að virða reglur sem gilda um notkun gangbrauta. **Ekki stöðva á eða við gangbraut til að hleypa börnum út úr bílunum.** Það byrgir útsýni þeirra sem eru á leið yfir götuna.
3. Bílastæðið austan/ofan við skólann er eingöngu ætlað starfsfólki grunnskólans og tónlistarskólans.
4. Hvetjið börnin ykkar til að ganga í skólann svo fækka megi bílum sem aka að skólanum á morgnana. Það skapast oft mikil hættu í umferðinni umhverfis skólann þegar margir aka að honum á sama tíma.

Aðgát í umferðinni

Grunnskóli Reyðarfjarðar



Kennum börnum okkar

Að virða umferðarreglur
Að virða útivistartíma
Að sýna tillitssemi í umferðinni
Að sýna ábyrga hegðun í umferðinni
Að vera til fyrirmyndar og nota reiðhjólahljálma

Gott samstarf - Betri árangur

Ágætu foreldrar/forráðamenn

Í upphafi hvers skólaárs er nauðsynlegt að fara yfir reglur sem gilda fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur til að leggja grunn að auknu öryggi nemenda í umferðinni. Sérstaklega er mikilvægt að huga vel að yngstu nemendunum og hjálpa þeim að finna öruggustu leiðina milli heimilis og skóla. Þegar dimma tekur þarf að útbúa börnin með endurskinsmerki sem gera þau sjáanleg í umferðinni og brýna fyrir þeim að sýna aðgát.

Samstarf við foreldra/forráðamenn

Umferðarfræðsla í grunnskólum ber mestan árangur þar sem næst gott samstarf við heimili nemenda. Hlutverk heimilanna í umferðarfræðslu og forvörnum er mikilvægt því þar er mótunin sterkust. Að vera börnum sínum góð fyrirmynd í umferðinni er öflugasta fræðslan ásamt því að kenna þeim um lög og reglur sem eru í gildi.

Umferðarvefur

Á náms- og fræðsluvefnum www.umferd.is er að finna fjölbreytt fræðsluefni og leiki sem gerir okkur að betri vegfarendum. Þegar krakkar fara út að hjóla eða ganga er mikilvægt að kunna helstu umferðareglurnar. Með því að sýna varúð og tillitssemi má koma í veg fyrir langflest umferðarslys.

Áherslur í umferðarfræðslu heimilanna

Það er spennandi að byrja í skóla. Nýr og framandi heimur opnast. Um leið verður barnið þátttakandi í umferðinni.

Gott er að æfa öruggustu leiðina í skólann. Stysta leiðin í skólann er ekki alltaf sú öruggasta. Gott er að fá aðstoð frá fullorðnum til að læra að þekkja hverfið sitt og umhverfi skólans.

10 örugg ráð

1. Æfum leiðina í og úr skóla saman
2. Veljum öruggustu leiðina í skólann – ekki stystu
3. Leggjum tímanlega af stað, ekki flýta sér
4. Setjum einfaldar og fáar reglur sem á að fara eftir
5. Kennum barninu að fara yfir götu.
6. Verum sýnileg, notum [endurskinsmerki](#)
7. Notum hjólreiðahjál, bæði börn og fullorðnir
8. Notum viðeigandi öryggisbúnað í bifreið, bæði börn og fullorðnir
9. Tökum tillit til annarra vegfarenda, sérstaklega í nánd við skóla
10. Förum eftir leiðbeiningum skólans um umferð á skólasvæðinu

Athygli er vakin á að:

í 44. gr. Umferðarlaga segir:

Börn og reiðhjól.

- ☐ Barn yngra en níu ára má ekki hjóla á akbraut nema undir leiðsögn og eftirliti manns sem náð hefur 15 ára aldri.
- ☐ Hjólreiðamaður sem náð hefur 15 ára aldri má reiða börn yngri en sjö ára, enda séu þeim ætluð sérstök sæti og þannig um búíð að ekki stafi hættu af hjólteinunum.

Ábyrg hegðun í umferðinni borgar sig!